



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2020

Tilvísun í mál: 25/2020

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021 – 2025.**

Stígamót fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Okkur finnst áætlunin vel unnin og taka til margra mikilvægra þátta. Við tökum undir að kynferðisofbeldi sé samfélagslegur vandi sem verði ekki upprættur nema með samhentum átaki og fræðslu – þar sem áherslan er á menningu virðingar. Jafnframt undirstrikum við líkt og gert er í áætluninni að forvarnir þurfi að taka mið af kynjuðum veruleika ofbeldis og áreitni.

Við fögnum sérstaklega fyrstu aðgerðinni (A1) í áætluninni um að ráða starfsmann til að fylgja henni eftir. Þetta er grundvallaratriði til að tryggja framgang allra hinna aðgerðanna. Þá er jákvætt að samkvæmt aðgerð F2 á að meta framgang áætlunarinnar árlega sem gerir það líklegra að hún komist til framkvæmdar.

Stór hluti áætlunarinnar byggir á netnámskeiðum fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, heilsugæslu og æskulýðs- og íþróttastarfi (aðgerð A4). Þetta er snjöll útfærsla til að koma þekkingu til margra aðila með skilvirkum hætti. Það er þó gríðarlega mikilvægt að velja þá efnisþætti sem fara inn í þetta námskeið af kostgæfni og taka þar tillit til kynjaðra sjónarmiða og reynslu brotþola ofbeldis. Starfsfólk Stígamóta lýsir yfir áhuga og tilhlökkun vegna samráðs um innihald námskeiðsins þar sem á Stígamótum liggur áratugþekking á afleiðingum kynferðisofbeldis gegn börnum og unglingum og birtingarmyndum þess. Í viðtölum við þúsundir brotþola höfum við fengið góða mynd af því hvað þessu fólki fannst vanta þegar þau voru börn og hvað hefði hjálpað þeim að segja frá. Jafnframt finnst okkur mikilvægt að tekið sé tillit til þekkingar um kynferðiseinelti, skólamenningu og hvernig stjórnendur og starfsfólk geta byggt upp menningu þar sem kynferðisleg áreitni og ofbeldi fær ekki að þrífast.

Við viljum undirstrika mikilvægi aðgerðar A6 um mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi. Þetta er þekking sem vantar algjörlega í íslenskt samfélag en þó vitum við að klámahorf, sérstaklega meðal drengja í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla, er mjög útbreitt. Einu tölurnar sem við eigum um hvenær íslensk börn sjá klám í fyrsta skipti eru frá 2006, þá var ekki búið að finna upp snjallsíma, og veruleikinn því allur annar en í dag. Á Stígamótum teljum við okkur sjá auknar afleiðingar klámnotkunar í því kynferðisofbeldi sem aðallega ungar konur lýsa í viðtölum. Aukin þekking á klámi og hvaða áhrif það hefur á væntingar til kynlífs er mikilvægt skref til að forvarnir séu áhrifaríkar. Við setjum reyndar spurningarmerki við hvort kostnaðaráætlun þessarar aðgerðar sé raunhæf.

Aðgerð A7 er mikilvæg en heldur óljós þar sem upplýsingar vantar um í hverju fræðsluátakið felst og hver markhópurinn er. Kostnaðurinn virðist stórlega vanmetinn en fer auðvitað eftir því hver markmið áttaksins eru. Á Stígamótum býr mikil þekking á stafrænu kynferðisofbeldi og þá rekum við landsátakið Sjúkást árlega sem hefur það að markmiði að ná til ungmenna og fræða um málefni tengd kynferðisofbeldi. Að því gefnu óska Stígamót eftir samráði um þennan lið áætlunarinnar.

Aðgerðaáætlun þessi er mjög tímabær og þetta er mikilvægt næsta skref í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og við að skapa menningu jafnréttis. Á Stígamótum lítum við á forvarnastarf sem eitt af meginhlutverkum okkar í baráttunni gegn ofbeldi og hefur vægi þess aukist á síðustu árum. Það felst einna helst í átakinu Sjúkást sem hefur það að markmiði að fræða ungmenni (13-19 ára) um mörk, samþykki og heilbrigð sambönd. Jafnframt bjóðum við upp á Bandamannanámskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Það gleður okkur að stjórnvöld taki nú þátt í að gera forvarnastarf skilvirkara, heildstæðara og markvissara en áður hefur verið. Jafnframt þökkum við traustið sem okkur er sýnt í aðgerð C5 og munum halda áfram að þróa þá vinnu með það að markmiði að fræðslan skili sem mestum árangri.